

Efnisyfirlit

Festa og fagmennska	2
Helstu fjárfestingarverkefni NSA	5
Ársreikningur	15
Rekstrarreikningur árið 2006	19
Efnahagsreikningur	20
Skýringar	23



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
ÁRSSKÝRSLA 2006

FESTA OG FAGMENNSKA

VERÐUGUR SESS NÝSKÖPUNAR

Horfur eru á að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sé kominn á þann stað í fjárfestingarferli nýsköpunar- og sprotafyrirtækja þar sem hann getur nýst best. Miklar breytingar hafa orðið frá því að sjóðurinn tók til starfa árið 1998. Segja má að gjörbreyting hafi orðið á því umhverfi sem nýsköpun er búð. Nægir í því samhengi að nefna markvissari vinnubrögð stjórnvalda sem m.a. má rekja til tilurðar Vísinda- og tækniráðs en með ráðinu er þessum málefnum skipaður verðugur sess í stjórnkerfinu og fá við það nauðsynlegt vægi. Þá skiptir ekki síður máli að Tæknipróunarsjóður hefur verið eflur svo um munar og stjórnvöld virðast ákveðin í að efla hann enn frekar á næstu árum. Jafnframt hefur verið stofnaður sérstakur sjóður sem hefur það að markmiði að auka virði sjávarfangs, AVS sjóðurinn. Hitt er þó ekki síður mikilvægt að almennur skilningur virðist orðinn á nauðsyn nýsköpunar í atvinnulífinu og um leið að hún verður ekki til af sjálfu sér. Ef rétt er á málum haldið er hins vegar til mikils að vinna og á endanum mun þjóðfélagið allt njóta ávaxtanna. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur lagt sitt af mörkum til þessarar viðhorfsbreytingar.

LAGABREYTINGAR – ÓVISSU EYTT

Stjórn Nýsköpunarsjóðs hefur undanfarin misseri markað þá stefnu að gera sjóðinn að hreinum áhættufjárfesti og að hætta styrk- og lánveitingum í ljósi fyrrgreindra breytinga. Nokkurt hik kom á framvindu mála hjá sjóðnum í árslok 2005 þegar kynntar voru hugmyndir um „mikla uppstokkun á atvinnuþróunarstarfsemi iðnaðarráðuneytisins“ og var Nýsköpunarsjóður nefndur til sögunnar í því samhengi. Fyrstu hugmyndir gerðu m.a. ráð fyrir að sjóðurinn yrði lagður undir nýja stofnun sem þá var til skoðunar hjá ráðuneytinu en síðar var frá því fallið. Það var svo undir lok þingsins í vor að frumvarp um sjóðinn varð að lögum en í því fólust margvíslegar breytingar sem eru til mikilla bóta og fallnar til þess að styrkja sjóðinn í sessi um leið og óvissu um starfsemi hans er eytt.

SKARPARI FÓKUS

Lagabreytingarnar fela í sér að markmið sjóðsins eru skerpt verulega og stefnumótun síðustu missera fest í sessi. Nú er skýrt kveðið á um að sjóðurinn á „... að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprotu- og nýsköpunarfyrirtækjum.“ Ekki er lengur heimilt að veita styrki og Vöruþróunar- og markaðsdeild sjóðsins er lögð niður. Þá er sjóðnum gert að taka mið af stefnu Vísinda- og tækniráðs í störfum sínum. Þetta hefur í för með sér að þau fyrirtæki, sem sjóðurinn mun einbeita sér að, verða fyrst og fremst hátæknifyrirtæki sem byggja framtíð sína á umfangsmikilli og viðurkenndri rannsókn- og þróunarvinnu.

Gera má ráð fyrir að á næstu árum náist visst jafnvægi í fjárfestingum og að í eignasafni sjóðsins verði að jafnaði 10 til 20 fyrirtæki og að á hverju ári verði keyptir hlutir í tveimur til fimm nýjum fyrirtækjum en jafnframt seldir hlutir í jafnmörgum sem hafa verið í eignasafninu um nokkurra ára skeið.

FJÁRFESTAR REIÐUBÚNIR

Það hefur verið viðfangsefni Nýsköpunarsjóðs um alllangt skeið að stofna með öðrum fjárfestum nýjan sjóð sem sérhæfir sig í áhættufjárfestingum. Nýsköpunarsjóði eru skv. lögum ætlaðar 1.500 milljónir króna á árunum 2007–2009 til að standa undir hlutdeild sinni í stofnun slíks sjóðs að því tilskildu að a.m.k. jafnhá upphæð komi frá öðrum fjárfestum. Nú má segja að flest skilyrði séu fyrir hendi til þess að sú vinna geti skilað árangri. Nauðsynlegur lagarammi er kominn fyrir rekstur samlagshlutafélaga á Íslandi sem hafa fjárfestingar að viðfangsefni og það liggur nú fyrir að vilji er til þess hjá öflugum fjárfestum að taka þátt í stofnun slíks samlagshlutafélags með Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Þessi nýi sjóður ásamt Brú II sjóðnum, sem nýlega var lokið fjármögnun á, mun hafa samtals um 10 milljarða króna til ráðstöfunar þannig að góð nýsköpunarverkefni ættu ekki að líða fyrir það á næstu árum að nauðsynlega áhættufjárfesta sé ekki að finna.

FAGMENNSKA OG VILJI TIL ÖRS VAXTAR

Þegar fyrirtæki leitar eftir áhættufjármagni hjá fjárfesti, sem sérhæfir sig í fjármögnun sprota- og nýsköpunarfyrirtækja, er mikilvægt að markmið samstarfsins liggja ljóst fyrir í upphafi. Eðli málsins samkvæmt gerir fjárfestir ríkar kröfur til ávöxtunar síns fjár þar sem áhættan er mikil. Það er líka mikilvægt að vöxtur fyrirtækis sé það ör að hann standi undir kröfunni um ávöxtun. Þetta eru grundvallaratriði í huga fjárfestis auk þess sem hann verður að hafa mikla trú á þeim stjórnendum sem er ætlað að sjá til þess að fyrirtæki vaxi og dafni. Áhættufjárfestir er og á að vera mjög kröfuharður. Treysti sá, sem leitar til slíks fjárfestis, sér ekki til að rísa undir þeim kröfum eða vilji það ekki, er augljóst að af samstarfi getur ekki orðið. Þetta eiga forsvarsmenn sprotafyrirtækja stundum erfitt með að sætta sig við, enda koma þeir gjarnan úr öðru umhverfi þar sem verulegur hluti tekna hefur verið eigið fjármagn eða óafturkræfir styrkir. Með aðild áhættufjárfestis að rekstrinum gerbreystast leikreglurnar og kröfur um aga og árangur í rekstrinum verða mjög miklar.

Sjónarmið fagfjárfesta á þessu sviði eru keimlík í öllum löndum. Alþjóðlegar hefðir og venjur hafa rutt sér til rúms við fjárfestingar af þessu tagi. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins á t.d. aðild að EVCA, European Private Equity and Venture Capital Association, og tekur einnig þátt í norrænu samstarfi NVN, Nordic Venture Network. Hann leggur því áherslu á að fylgja viðurkenndum vinnubrögðum á þessu sviði eins og þau þekkjast best.

FJÁRFESTINGAR

Árið 2006 voru tekin til ítarlegrar skoðunar kaup á hlutafé og/eða lánveiting með breytirétti í hlutafé í 30 félögum, bæði í nýjum verkefnum og félögum þar sem sjóðurinn á hlut í fyrir. Niðurstaðan var að kaupa hlutafé og/eða veita lán með breytirétti í 9 félögum. Af þessum fjárfestingum voru tvær nýfjárfestingar sem eru þær fyrstu frá því árið 2003.

Samtals voru gefin fyrirheit um fjárfestingar fyrir 401 milljón en um áramótin 2006/2007 höfðu 356 milljónir verið greiddar út. Samkvæmt áætlun fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að fjárfest verði fyrir allt að 500 milljónir og er gleðilegt að Nýsköpunarsjóður hefur nú burði á ný til þess að takast á við nýjar fjárfestingar. Þá er ótalin fjárfesting í samlagshlutafélagi sem stefnt er að með bönkum og lífeyrissjóðum á árinu en sjóðnum eru tryggðar samtals 1.500 milljónir til þess verkefnis árin 2007, 2008 og 2009. Það fé er hluti af söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Í árslok 2006 átti sjóðurinn hlut í 43 fyrirtækjum en þau voru 55 í árslok 2005. Áfram verður unnið markvisst að því að fækka félögum í eignasafni sjóðsins og ná heppilegu jafnvægi milli sölu eignarhluta og kaupa í nýjum félögum þannig að unnt sé að sinna af nægri kostgæfni þeim félögum sem sjóðurinn hefur ákveðið að leggja til hlutafé.

AFKOMA

Umskipti hafa orðið í afkomu sjóðsins frá fyrra ári. Munar þar mestu að vörslutekjur hafa aukist úr 157 milljónum árið 2005 í 540 milljónir árið 2006. Ástæðan er góð ávöxtun á fé sjóðsins erlendis en þó skiptir mestu að gengisþróun íslensku krónunnar hefur verið sjóðnum hagfelld. Þá hafa rekstrargjöld dregist nokkuð saman og niðurstaðan er því sú að hagnaður fyrir fjárfestingarverkefni er rúmar 406 milljónir árið 2006 en stóð alveg í járnum árið 2005.

Þegar horft er til fjárfestingarverkefna eru einnig veruleg umskipti. Árið 2005 var niðurstaðan á þeim lið neikvæð um 745 milljónir króna og þar vó þyngst 697 milljóna framlag á afskriftarreikning. Árið 2006 er niðurstaðan neikvæð um 331 milljón, framlag á afskriftarreikning er 441 milljón og söluhagnaður vegna fjárfestinga 84 milljónir.

Rekstrarreikningur sýnir hagnað árið 2006 sem nemur 76 milljónum króna í stað taps árið 2005 sem nam 745 milljónum króna. Þetta eru mikil og gleðileg um-

skipti og gera áætlanir sjóðsins ráð fyrir að afskriftir fari minnkandi og að hann verði rekinn með hagnaði á komandi árum.

STJÓRN

Stjórn sjóðsins var þannig skipuð af viðskiptaráðherra á ársfundi sjóðsins 19. maí 2006:

Jón Steindór Valdimarsson, stjórnarformaður, til vara Þorsteinn Víglundsson samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra skv. ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði.

Arnar Sigurmundsson, varaformaður, til vara Einar Valur Kristjánsson samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra skv. ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi.

Ágústa Guðmundsdóttir, til vara Björn Friðrik Brynjólfsson samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra.

Björg Jónsdóttir, til vara Valgerður Kristjánsdóttir samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra.

Grétar Þorsteinsson, til vara Kristján Gunnarsson samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands.

Aðalstjórn er óbreytt frá fyrra ári en úr varastjórn gengu þeir Hreinn Jakobsson og Ármann Kr. Eyjólfsson. Í þeirra stað tóku sæti Þorsteinn Víglundsson og Björn Friðrik Brynjólfsson.

Frá síðasta aðalfundi hafa fundir stjórnar verið 12 og stjórnarfundir því orðnir 156 frá upphafi.

STARFSMENN

Finnbogi Jónsson tók við starfi framkvæmdastjóra sjóðsins í september en stjórnarformaður sjóðsins hafði gegnt því starfi til bráðabirgða frá febrúar 2006 þegar Gunnar Örn Gunnarsson lét af starfi framkvæmdastjóra.

Starfsmenn sjóðsins voru í upphafi árs 10 talsins en hafði fækkað í 5 í árslok. Meðal annars lét Snorri Pétursson af störfum um síðustu áramót en hann hafði starfað hjá sjóðnum frá upphafi. Þá lét Ingibjörg H. Þráinsdóttir einnig af störfum um síðustu áramót en hún sá um starfsemi Tryggingardeildar útflutnings. Þeim eru þökkud vel unnin störf og óskað velfarnaðar á öðrum vettvangi.

Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í maí 2007:

Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri



Gísli Benediktsson, sérfræðingur

Finnur Árnason, sérfræðingur

Smári Þórarinsson, fjármálastjóri


Svala Vignisdóttir, ritari

***HELSTU FJÁRFESTINGARVERKEFNI
NÝSKÖPUNARSJÓÐS ATVINNULÍFSINS***



Enex hf er útrásarfyrtæki á sviði jarðhitánýtingar og orkumála. Það er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, Landsvirkjunar, Geysir Green Energy, Jarðborana, ÍSOR, VST og fjölda íslenskra verkfræðistofa og fyrirtækja á sviði orkunýtingar. Enex var stofnað til þess að samræma aðgerðir eigenda sinna til útflutnings á þekkingu og reynslu íslenskra fyrirtækja á sviði vatnsafls og jarðvarma. Félagið starfar að virkjunarframkvæmdum á sviði jarðvarma með ráðgjöf, hönnun, verktöku, fjármögnun og rekstri orkuvera. Félagið vinnur að jarðvarmaverkefnum víða um heim, m.a. í Bandaríkjunum, El Salvador, Kína, Þýskalandi, Ungverjalandi og Slóvakíu. Undanfarið ár stækkaði félagið ört í takt við aukin verkefni og hefur þegar skipað sér sess á heimsmarkaði sem leiðandi fyrirtæki á sviði nýtingar jarðvarma. Verkefni félagsins í Kína, Ungverjalandi, Bandaríkjunum, Þýskalandi og Slóvakíu fóru öll af stað og tvívökvastöðin í El Salvador nálgast verklok. Í sölu- og markaðsstarfi er lögð áhersla á að kynna styrkleika og reynslu íslenskra fyrirtækja á sviði vatnsafls og jarðvarma, sölu tvívökvastöðva samhliða almennri kynningu á starfsemi félagsins og styrkleikum þess. Félagið hefur í auknum mæli beint fjárfestingar- og þróunarkröftum félagsins til Evrópu, Bandaríkjanna og Kína. Mikil vakning hefur orðið í nýtingu jarðvarma í Bandaríkjunum og reiknað er með að 150 MW jarðvarmaverkefni dótturfélags Enex, IAE (Iceland America Energy Corp.) komist á framkvæmdastig á árinu.

Enex ehf var stofnað í núverandi mynd árið 2001 og var Nýsköpunarsjóður þá 10% eignaraðili.



Helstu hluthafar	%
Geysir Green Energy	27,0
Landsvirkjun	24,0
Orkuveita Reykjavíkur	24,0
Jarðboranir hf	16,0
NSA	2,0
Aðrir	7,0
Samtals	100,0

www.enex.is




Genís er sprotafyrirtæki sem einbeitt sér að þróun nýrra aðferða til að meðhöndla bólgusjúkdóma og aðra hrömunarsjúkdóma í stoðkerfi mannsins. Aðferðirnar byggja á þróun nýrra aminosýkra sem framleiddar eru úr skel krabbadýra, svo sem rækju. Starfsemi fyrirtækisins felur í sér þróun framleiðsluferla fyrir sykrusamsetningar sem eru bestaðar með tilliti til lyfjavirkni. Þar að auki hefur stór hluti starfseminnar þróast út í samstarf við háskólastofnanir og fyrirtæki bæði innanlands og erlendis þar sem virkni sykranna er prófuð með bestu fánlegu tækni í margvíslegum líffræðilegum kerfum. Slíkar rannsóknir, sem framkvæmdar hafa verið í Ísrael, Bandaríkjunum, Þýskalandi, Danmörku og á Íslandi, hafa hingað til stutt kenningar félagsins um bólgueyðandi og vefjamyndandi virkni aminosýkranna og frásög þeirra í meltingarvegi mannsins. Í heild benda niðurstöður rannsókna til þess að hér séu á ferðinni byltingarkenndar aðferðir til að meðhöndla sjúkdóma í stoðkerfi mannsins, sem stafa af bólgu eða vefjahrönnun. Fyrirliggjandi niðurstöður eru ekki hvað síst áhugaverðar þegar haft er í huga að þessi nýmyndunarferill í beinvef er einkennandi fyrir beinmyndun á fósturstigi en á sér ekki hliðstæðu í fullorðnum einstaklingi. Aminosýkrurnar virðast því með einstökum hætti geta örvað nýmyndun í sködduðum beinvef.

Genís ehf var stofnað árið 2005 og var Nýsköpunarsjóður annar stofnenda þess.




Hluthafar	%
Hólshyrna ehf	54,5
NSA	45,5
Samtals	100,0




Hafmynd ehf þróar, framleiðir og selur handhæg sjálfstýrð ómönnuð djúpför. Djúpför Hafmyndar eru sérstök að því leyti að þeim er ráðað saman úr einingum sem hýsa nema, staðsetningarbúnað og rafhlöður til þess að leysa tiltekin verkefni. Helstu notkunarvið eru mælingar í tengslum við framkvæmdir neðansjávar, leitarstörf, öryggiseftirlit og umhverfissrannsóknir. Meðal kaupenda eru háskólar, rannsóknastofnanir og flotadeildir í þremur heimsálfum og hafa djúpför Hafmyndar verið notuð við margbreytileg verkefni allt frá ísbreiðum Alaska til Aserbaidisjan. Hafmynd hlaut sérstök verðlaun fyrir byltingarkennda nýjung í öryggismálum frá Frost & Sullivan á síðasta ári og er handhafi Nýsköpunarverðlauna RANNÍS og Útflutningsráðs árið 2007.

Hafmynd ehf var stofnað árið 1999 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2000.




Helstu hluthafar	%
Mallard Holding	68,8
NSA	26,1
Aðrir	5,1
	100,0






Hátæknifyrirtækið Intelscan örbylgjutækni ehf var stofnað árið 2000 af þremur einstaklingum. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Uppspretta komu fljótlega að félaginu með hlutafé. Aðstandendur félagsins höfðu séð þörf fyrir búnað til að mæla vatnsinnihald efna á svipstundu. Markmið félagsins var að þróa mælíbúnað byggðan á örbylgjutækni. Þennan búnað væri hægt að nota í verksmiðjum sem eru að þurrka hráefni, svo sem fiskimjöl. Þróun frumgerðar búnaðar lauk árið 2002. Prófanir gengu vel og sótt var um einkaleyfi á mæliaðferðinni. Lokið var við nýja útgáfu af mælitækinu árið 2005. Einkaleyfi á mæliaðferðinni var veitt í Evrópu, Kína, Rússlandi og Bandaríkjunum árið 2006. Árið 2006 hófst einnig markaðssetning á mælitækinu. Í lok árs 2006 voru viðskiptavinir Intelscan í átta löndum í Evrópu. Meðal núverandi viðskiptavina eru fyrirtæki í matvælaíðnaði eins og Nestlé, Toms og Golden Acres og fyrirtæki í efnaíðnaði eins og Kemira. Á Íslandi eru notendur aðallega í fiskimjölsíðnaði, þorskhausþurrkun og mjólkuriðnaði. Eins og sést af viðskiptavininum Intelscan er markaðurinn stór og fjölbreyttur.

Intelscan örbylgjutækni ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu sama ár.




Helstu hluthafar	%
NSA	40,7
Ólafur Helgi Jónsson	24,8
Kjartan Magnússon	11,5
Framtakssjóður Austurlands	9,5
Aðrir	13,5
	100,0




Íshestar ehf, stofnaðir 1992 á bænum Miðdal í Laugardal, hafa í 25 ár verið leiðandi fyrirtæki í hestatengdri ferðaþjónustu hér á landi og hafa á þessum tíma flutt yfir 15.000 gesti til landsins sem farið hafa í vikufæri (eða lengri) á hestum um landið. Árlega fara yfir 20.000 manns í dagsferðir frá hinni glæsilegu Hestamiðstöð félagsins í Hafnarfirði. Auk hinna hefðbundnu hestaferða hafa Íshestar aukið mjög umsvif sín á hinum almenna ferðaskrifstofumarkaði og þá sérstaklega í svonefndum hvataferðum þar sem sjónum er beint til A-Evrópu og þá einkum til Rússlands. Stórt skref var stigið á sl. ári þegar opnuð var sérstök vefsíða og nýtt nafn kynnt til sögunnar fyrir þennan markað: Íshestar Travel. Fjölgunin var hæg fyrstu árin en síðastliðin 8 ár hefur orðið mikil aukning samfara markvissu markaðsstarfi og er stefnan sett á að 2000 manns fari á þessu ári í lengri ferðir og yfir 23.000 í þær styttri. Með fjölgun samstarfsaðila og áframhaldandi góðu markaðsstarfi er enn fremur stefnt að tvöföldun farþega á næstu 4 árum. Íshestar reka ábyrga umhverfisstefnu og verða ásamt Ferðaþjónustu bænda og Ferðaþjónustunni á Hellnum þeir fyrstu á landinu til að hljóta vottun „Green Globe“-samtakanna. Þá hlutu Íshestar Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs Íslands árið 2001.



Íshestar ehf var stofnað árið 1992 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 1999.



Kine ehf starfar á sviði lífaffræði með áherslu á mælingar á mannlíkamanum við endurhæfingu, íþróttir og vinnuvistfræði. Vörurnar byggja á hugbúnaði og rafeindatækni. Kine ehf hefur starfað í sjö ár. Þessi tími hefur að mestu farið í þróun á hreyfigreini sem m.a. byggir á algerlega þráðlausum vöðvarita, tækni sem Kine ehf setti á markað fyrst allra fyrirtækja í heiminum. Sótt hefur verið um einkaleyfi á þessari tækni sem er grunnur að komandi vörum fyrirtækisins. Kine er með 4 vörur: KineGait, KineView, KineLive og KinePro. Fyrstu árin í markaðssetningunni hafa að mestu snúist um rannsóknarmarkaðinn. Mikilmetnir aðilar á borð við NASA og Real Madrid eru meðal viðskiptavina Kine ehf. Þetta er markaður sem þóli hátt verð en er ekki svo stór (um 50M US\$). Hann er þó mikilvægur til að staðfesta gæði tækjanna. Samanburðarmælingar í Sviss sýna að gæði vöðvaritans eru eins og best verður á kosið. Áætlanin fyrir næstu 3–5 ár snúast um að færa áhersluna yfir í klíniska markaðinn og inn á Bandaríkjamarkað. Klíníski markaðurinn hefur ekki sama verðþol en er um tíu sinnum stærri en rannsóknarmarkaðurinn. Kine ehf leiðir 660.000 evra Evrópuverkefni, SureGait, sem er liður í þeirri áætlun. Allur hugverkaréttur í því verkefni er eign Kine ehf.


Kine ehf var stofnað árið 1996 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2000.







Fyrirtækið Latibær var stofnað árið 1995 af Magnúsi Scheving og Ragnheiði Pétursdóttur Melsted en markmið fyrirtækisins er að stuðla með ýmsum hætti að heilbrigðari lífsstíl barna og ungmenna. Boðskapur Latabæjar hvetur til jákvæðrar hugsunar, hollustu í mataræði, hreyfingar og uppbyggilegra samskipta barna og fullorðinna. Sama ár og fyrirtækið var stofnað gaf Magnús út metsölubókina *Áfram Latibær* og henni fylgdi hann eftir með útgáfu fleiri bóka, uppsetningu leikrita í Þjóðleikhúsinu og Loftkastalanum, útgáfu geisladiska, Hreyfispilinu Latador, *Matreiðslubók Latabæjar*, Útvarpi Latabæ og ýmsum uppákomum og skemmtunum. Árið 2003 undirritaði Latibær svo samning við bandarísku sjónvarpsstöðina Nickelodeon um gerð 40 sjónvarpsþátta. Fyrsta þáttaröðin fór í framleiðslu árið 2004 en nýverið lauk tökum á annarri þáttaröðinni. Nú eru Latabæjarþættirnir sýndir í 104 löndum um víða veröld og njóta mikilla vinsælda. Þeir eru framleiddir í 5067m² myndveri sem staðsett er í Garðabæ en myndverið er eitt það fullkomnasta í heiminum og þykir einstakt þar sem öll vinna við þættina fer fram þar.

Latibær ehf var stofnað árið 1996 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2001.




www.lazytown.com




Lifeind ehf er rannsóknar- og þróunarfyrirtæki í líf- og erfðatekni. Það hefur skapað sér sérstöðu innan líftæknigeirans með nýrri tegund tvívíðs rafráttar til greiningar á flóknum kjarnsýrusýnum. Markmið félagsins er að þróa og markaðssetja þessar einkaleyfavörðu aðferðir, samhliða tækjabúnaði til slíkra greininga. Með öflugri rannsóknar- og þróunarstarfi hefur Lifeind nú yfir að ráða rannsóknaraðferðum sem allar beinast að því að einfalda vinnu með flóknar kjarnsýrur og/eða meta gæði þeirra. Lifeind hóf rekstur sinn 2001 og leigir fyrirtækið afnot af tækjum og aðstöðu innan Lífefna- og sameindalíffræðistofu lækna-deildar Háskóla Íslands. Þetta skapar fyrirtækinu kjörskilyrði til þekkingarskópunar og frekari þróunar afurða. Síðastliðið ár hafa starfsmenn Lifeindar þróað frumgerð örgelarafráttarbúnaðar til að bjóða væntanlegum viðskiptavinum upp á einfalda og fljótlega leið til að framkvæma tvívíðar rafráttargreiningar á kjarnsýrum. Megináhersla næstu missera er undirbúningur að fjöldaframleiðslu á tækjabúnaði, öflun viðskiptasambanda fyrir markaðssetningu og frekari þróun greiningaraðferða. Stefnt er að markaðssetningu tækjabúnaðar og rekstrarvara innan nokkurra missera.

Lifeind ehf var stofnað árið 2001 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu sama ár.





www.biocule.com

MARORKA




MEN&MICE



Marorka ehf er hátækniyfirtæki sem framleiðir og selur orkustjórnunarkerfi fyrir skip. Fyrirtækið, sem spröttið er úr háskólaumhverfinu, var stofnað 2002 með þremur starfsmönnum. Það hefur síðan vaxið og dafnað og er nú með 20 starfsmenn og áætlaða 230 Mkr veltu á árinu 2007. Fyrirtækið framleiðir hugbúnað sem hefur það markmið að hámarka orkunýtingu þeirra kerfa sem starfandi eru um borð í skipum. Þetta er gert með því að bera í sífellu saman mælt raunástand samantekinna orkukerfa (framdrifskerfi, raforkukerfi, frystikerfi o.fl.) við „besta ástand“ sem fundið er með stærðfræðilíkönum og veita skipstjórnendum ráðgjöf um hvað gera eigi til að auka nýtingu kerfanna. Helstu markaðir Marorku eru skipaútgerðir á Norðurlöndum, í Norður-Evrópu og Suðaustur-Asíu.

Menn og mús ehf var stofnað árið 1990. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróun og sölu hugbúnaðarlausna fyrir stjórnun á DNS (Domain Name System), DHCP (Dynamic Host Configuration Protocol) og IP tölum (IPAM) fyrir Microsoft og Unix/BIND-netumhverfi (svokallaðra IPAM lausna). Lausn Manna og músa sem seld er undir vörumerkinu Men & Mice myndar heildstæða, öflugla lausn við stjórnun og eftirlit á IP- og DNS-umhverfi stærri netkerfa. Einnig bjóða Menn og mús DNS-þjálfun og sérfræðiráðgjöf um allan heim. Með stækkun Internetsins og aukinni notkun IP-samskipta hefur þörf fyrir IPAM-lausnir aukist stöðugt og gert er ráð fyrir örum vexti þessa markaðar á næstu árum. Markaður fyrir þessa lausnir eru stór IP-netumhverfi með að lágmarki 1000 virkar IP-tölur og því eru viðskiptavinir Manna og Músa alþjóðleg stórfyrirtæki og stofnanir. IPAM-lausnir gegna lykilhlutverki í að tryggja uppítíma, öryggi og skilvirka stjórnun slíkra netumhverfa. Menn og mús eiga dótturfélagið Men and Mice Inc. sem sinnir markaðssetningu og þjónustu í Norður-Ameríku og einnig er félagið með starfsstöð í Evrópu. Markmið Manna og músa er að verða leiðandi á sviði IPAM-lausna.


Marorka ehf var stofnað árið 2002 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2006.



Helstu hluthafar	%
Jón Ágúst Þorsteinsson	31,6
Þórður Magnússon	18,8
NSA	18,6
VSÓ Ráðgjöf	12,1
Aðrir	18,9
	100,0

www.marorka.is


Menn og mús ehf var stofnað árið 1990 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2001.



Helstu hluthafar	%
Pétur Pétursson	21,2
Jón Georg Aðalsteinsson	21,2
BRÚ VC	19,7
NSA	15,9
Magnolia Ventures Oy	10,5
Hiidenkivi Investment Oy	10,5
Aðrir	1,0
	100,0


www.menandmice.com

NIKITA



Nikita ehf á rætur að rekja til brettaverslunarinnar Týnda hlekkisins, sem starfrækt var í Reykjavík á árunum 1994 til 1999. Aðalheiður (Heiða) Birgisdóttir hóf þar að selja eigin hönnun, götutískufatnað sem innblásinn var af brettalífssítlum. Í fyrstu saumaði Heiða í stykkjatali fyrir sig og nokkra vini en árið 1997 var hafin fram-leiðsla á Nikita-flíkum á lítilli saumastofu á Húsavík. Viðtökur voru mjög góðar og árið 1999 seldust um eitt þúsund flíkur úr lítilli vörulínu Nikita í Reykjavík. Árið 2000 stofnuðu eigendur Týnda hlekkisins sérstakt fyrirtæki í kringum vörumerkið Nikita. Markmiðið var að færa sig frá því að flytja inn mörg vörumerki til Íslands og selja í einni verslun yfir í að markaðssetja hönnun Heiðu alþjóðlega og selja í mörgum verslunum. Sett var saman viðskiptaáætlun sem staðist hefur í öllum meginatriðum frá upphafi til dagsins í dag. Vörur Nikita er nú seldar í um eitt þúsund og fimm hundruð sérverslunum í um þrjátíu löndum. Vörumerkið Nikita og slagorð þess „For girls who ride“ er vel þekkt alþjóðlega meðal markhóps þess og hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir vel heppnaða hönnun og markaðssetningu. Nikita kynnir árlega tvær stórar vörulínur og tvær minni.

Nikita ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu sama ár.




Helstu hluthafar	%
Var ehf	46,5
NSA	25,4
Uppspretta	18,9
Framtakssjóður Austurlands	6,0
Aðrir	3,2
Samtals	100,0

www.nikitaclimbing.com




NORDICPHOTOS





NordicPhotos ehf sérhæfir sig í sölu ljósmynda í gegnum Internetið um allan heim eftir ljósmyndara á Norðurlöndunum ásamt því að selja ljósmyndir úr þekktum erlendum myndaböndum á Norðurlöndum. NordicPhotos er með samninga við yfir 500 ljósmyndara frá öllum Norðurlöndunum ásamt umboðum fyrir meira en 30 erlend myndasöfn og hefur skapað sér sess sem eitt stærsta myndasafn á Norðurlöndunum. Á árunum 2003–2006 keypti NordicPhotos fjóra sænska ljósmyndabanka, IMS Bildbyrå, Mira Bildarkiv, Tiofoto og Greatshots. Starfsemi fyrirtækjanna hefur verið sameinuð rekstri NordicPhotos og er nú unnið að því að setja myndasöfn fyrirtækjanna á stafrænt form og auka alþjóðlega dreifingu þeirra. 110.000 þúsund ljósmyndir frá ljósmyndurum NordicPhotos hafa verið settar á stafrænt form og er nú dreift í gegnum alþjóðlegt sölunet sem í eru 40 erlend umboðsfyrirtæki og nær til 85 landa. Síðan fyrirtækið var stofnað í lok árs 2000 hefur veltan aukist jafnt og þétt. Veltan árið 2001 var 5 milljónir ISK en áætluð velta fyrir árið 2007 er 170 milljónir ISK. Hjá NordicPhotos starfa nú 15 starfsmenn á skrifstofum þess í Stokkhólmi og Reykjavík.

Norrænar myndir ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2002.




Helstu hluthafar	%
NSA	27,6
Kjartan Dagbjartsson	12,4
Arnaldur G. Johnson	11,4
Hreinn Ágústsson	9,2
Hjördis Ýr Johnson	7,8
Prentsmiðjan Oddi	6,8
Aðrir	24,8
Samtals	100,0

www.nordicphotos.com




Primex ehf er leiðandi sjávarlíftækniyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu og sölu á kítíni og kítósani úr ferskri rækjuskel. Markmið fyrirtækisins er að kynna og markaðssetja vísindalega áreiðanleg og nýstárleg efni til nota í fæðubótarefni, snyrtivörur, matvæli og sem hjálparefni í lyfja- og lækningavörur. Verksmiðja og aðalskrifstofur fyrirtækisins eru á Siglufirði, þar sem starfa 15 manns. Hráefnið er eingöngu skel af kaldsjávarrækju (*Pandalus borealis*) og er flutt til vinnslunnar frá rækjuverksmiðjum á Norðurlandi. Framleiðsla Primex ehf er m.a. markaðssett undir vörumerkjunum LipoSan Ultra® fitubindiefni og ChitoClear® vörulínu til nota m.a. í matvæla- og snyrtivöruíðnaði. Til að tryggja öryggi framleiðslunnar hefur Primex innleitt gæðakerfi sem byggir á áhættugreiningu og mikilvægum eftirlitþáttum (HACCP), rannsóknnum á hverri framleiðslulotu og fullum rekjanleika.

Primex ehf var stofnað árið 1997 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 1998.




Helstu hluthafar	%
NSA	19,4
Karlsberg ehf	18,4
Síldarvinnslan hf	17,7
Ocean Nutrition	12,0
Actavis hf	11,3
Aðrir	21,2
	100,0

www.primex.is



Sjávarleður hf hóf starfsemi árið 1995 við þróun og sölu á leðri unnu úr steinbíts- og laxaroði. Seinna var steinbít skipt út fyrir hlýra og þá var leðri af Nílarkarfa bætt við. Eftir um 10 ára vöruþróun og markaðssetningu fór erfiðið að skila sér í aukinni sölu og hagnaði af rekstri. Fiskleður er mjög sérstakt vegna áferðar og lögunar en leður af fiskum hefur aldrei verið áberandi á markaði. Sjávarleður hf. er leiðandi í þróun og sölu þessa leðurs og býður leðrið í fjölda lita og litasamsetninga og áferð er margvísleg; slétt eða gróf, mjúk eða hörð, glansandi eða mött. Árlega kynnis félagið afurðir sínar og nýjungar á fjölda leðursýninga í Evrópu og Asíu, með auglýsingum í fagtimaritum og með heimsóknum til viðskiptavina. Viðskiptavinir félagsins eru bæði stórir og smáir og flestir starfa á alþjóðlegum vettvangi. Fiskleður, sem er sterkara en annað jafnþykkt leður, er notað eins og annað leður, t.d. í hönnun og handverk og mikið í skó, belti, töskur, o.fl. en einnig með öðru leðri, t.d. í leðurfatnaði og húsgögnum.



Sjávarleður hf var stofnað árið 1995 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 1999.



Helstu hluthafar	%
NSA	49,0
Gunnsteinn Björnsson	23,9
Norðurströnd ehf	22,9
Aðrir	4,2
	100,0


www.atlanticleather.is

Stjörnu-Oddi



Stjörnu-Oddi hf er hátækni fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun og framleiðslu á mælitækjum til lífmælinga. Fyrirtækið var stofnað 1985 og er orðið eitt fremsta fyrirtæki í heimi á sviði rafeindamerkjanna sem notuð eru til rannsókna á sjávardýrum, aðallega fiskum. Mælitækin eru smáir sírítar sem safna saman gögnum um ýmsa umhverfisþætti, s.s. dýpi, hitastig og seltu, auk þess að geta sýnt stefnu, halla, og tekið á móti staðsetningu. Gögnin er hægt að skoða í PC-tölvu í gröfum og töflum, þar sem hver mæling hefur sína dagsetningu og klukku. Rafeindamælimerkið (Data Storage Tag) kom á markað 1993 og var þróað í samvinnu við rannsóknaraðila á Íslandi. Merkin eru ýmist fest utan á fisk eða grædd í kviðarholið. Merkin skila sér svo seinna í veiðinni og við endurheimtur á merkjum fást upplýsingar um far, dreifingu og hegðun fiskisins. Markmið rannsóknaraðila með notkun fiskmerkjanna til að afla upplýsinga um hegðun fiska, er að hafa upplýsinga-grunninn það góðan að hægt sé að bæta veiðiráðgjöfina, til sjálfbærrar nýtingar á fiskauðlindum.


Stjörnu-Oddi hf var stofnað árið 1985 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 1999.



www.star-oddi.com


VistOrka

ÍSLENSK NÝORKA ehf
ICELANDIC NEW ENERGY Ltd.



Vistorka hf er eignarhaldsfélag íslenskra fjárfesta með um 51% eignarhlut í Íslenskrí NýOrku. Íslensk NýOrka er brautryðjandi í tilraunum við notkun og markaðssetningu vetnis á Íslandi – og reyndar þó víðar væri leitað. Vetnið er unnið úr vatni með rafgreiningu á vetnisstöð fyrirtækisins að Grjóthálsi 6. Þrjú tilraunavetnisvagnar voru reknir innan Strætó bs í 3 ár, en nú er í undirbúningi að gera svipaða tilraun með vetnisbílum. Sumarið 2007 koma fyrstu einkabílarinn sem ganga fyrir vetni til landsins, bæði bílar með brunahólfsvélum og efnarafölum. Jafnframt verður vetnisljósavél sett um borð í hvalaskoðunarskip. Árið 2005 var einnig prófaður staðbundinn efnarafali við Keflavíkurvöll og jafnframt hefur NýOrka tekið þátt í fjölmörgum alþjóðlegum rannsókna- og áætlunarverkefnum um vetni frá stofnun fyrirtækisins 1999. Áætlunin er að halda áfram að finna heppilega staði í orkukerfinu til að nýta vetni en gert er ráð fyrir að vetnisbílar komi á markað 2010 og verði samkeppnishæfir upp úr 2015. Tilraunirnar lofa góðu, tækninni fleygir fram og menn frá öllum heimshornum eru viljugir að vinna með NýOrku, nú þegar mikil hreyfing er komin á eldsneytismál í heiminum í tengslum við hlýnandi loftslag.

Vistorka hf var stofnað í mars 1999 og var Nýsköpunarsjóður einn stofnenda þess.



www.newenergy.is



ÁRSREIKNINGUR

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi. Samkvæmt henni ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 27. mars 2007

Deloitte hf.

Páll Steingrímsson
endurskoðandi

Áritun stjórnar

Að álitum stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins staðfestar hér með samstæðuársreikning sjóðsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. mars 2007

Í stjórn

Jón Steindór Valdimarsson
stjórnarformaður

Arnar Sigurmundsson

Ágústa Guðmundsdóttir

Grétar Þorsteinsson

Björg Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri

Finnbogi Jónsson

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2006

	Skýr.	2006	2005
Rekstrartekjur og fjármagnsgjöld	10		
Vörslutekjur		540.232.804	156.954.334
Þóknunartekjur		5.499.087	7.376.682
Aðrar tekjur		6.333.332	4.291.666
Fjármagnsgjöld		(3.798.945)	(13.813.371)
		<u>548.266.278</u>	<u>154.809.311</u>
Rekstrargjöld			
Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingaverkefni		14.693.141	18.502.162
Laun og launatengd gjöld	11	81.159.016	92.910.847
Annar almennur rekstrarkostnaður		44.186.617	41.315.928
Afskriftir	2.3	1.713.274	2.067.852
		<u>141.752.048</u>	<u>154.796.789</u>
Hagnaður fyrir fjárfestingaverkefni		406.514.230	12.522
Fjárfestingaverkefni			
Söluhagnaður vegna fjárfestinga í eignarhlutum		83.922.913	5.064.711
Aðrar tekjur (gjöld) vegna fjárfestinga í eignarhlutum		1.839.285	100.285
Tekjur vegna fjárfestinga í skuldabréfum		35.848.189	52.695.552
Breytingar á eignum Framtakssjóða		(126.703)	(91.255.217)
Innleystar ábyrgðir		500.000	(10.088.527)
Framlag í afskriftareikning	6	(441.184.062)	(696.798.407)
Veittir styrkir	13	(11.519.750)	(5.068.479)
		<u>(330.720.128)</u>	<u>(745.350.082)</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>75.794.102</u>	<u>(745.337.560)</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

	Skýr.	2006	2005
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	3		
Bífreiðar		4.037.500	2.296.875
Húsgögn og innréttingar		1.000.614	1.604.517
Tölvubúnaður og skrifstofuáhöld		1.086.784	1.811.780
		<u>6.124.898</u>	<u>5.713.172</u>
Áhættufjármunir			
Skuldabréfaeign		27.016.497	27.786.802
		<u>27.016.497</u>	<u>27.786.802</u>
Fjárfestingaverkefni:	4.5		
Eignarhlutar	14	1.594.909.746	1.863.017.144
Eignir Framtakssjóða	5.8	208.848.803	208.975.506
Útlán		460.966.436	497.654.977
Fullnustueignir		1.500.000	44.376.869
Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna	6	(985.496.313)	(1.121.363.053)
		<u>1.280.728.672</u>	<u>1.492.661.443</u>
		1.313.870.067	1.526.161.417
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur			
Aðrar skammtímakröfur		71.980.929	1.013.105.183
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar		2.701.650	2.526.073
		<u>74.682.579</u>	<u>1.015.631.256</u>
Handbært fé			
Vörslusjóðir	7	1.984.914.047	1.466.227.055
Bankainnstæður og sjóðir		906.539.691	124.678.118
		<u>2.891.453.738</u>	<u>1.590.905.174</u>
		2.966.136.317	2.606.536.430
Eignir alls		<u>4.280.006.384</u>	<u>4.132.697.847</u>

31. DESEMBER 2006

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2006	2005
Eigið fé	9		
Stofnfé		4.821.767.472	4.821.767.472
Annað eigið fé		(691.738.989)	(768.290.409)
Eigið fé		<u>4.130.028.483</u>	<u>4.053.477.063</u>
<hr/>			
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldabréfalán		27.016.496	27.786.802
		<u>27.016.496</u>	<u>27.786.802</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldbindingar vegna verkefna	16.17	58.397.302	27.081.449
Næsta árs afborganir langtímalána		2.701.650	2.526.073
Aðrar skammtímaskuldir		50.459.952	18.753.441
Fyrirfram innheimtar tekjur		11.402.498	3.073.020
		<u>122.961.405</u>	<u>51.433.982</u>
Skuldir		<u>149.977.901</u>	<u>79.220.784</u>
<hr/>			
Eigið fé og skuldir		<u>4.280.006.384</u>	<u>4.132.697.847</u>

SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2006

	Skýr.	2006	2005
Rekstrarhreyfingar			
Innborgaðar vörslutekjur og þóknanir		589.526.145	184.683.457
Innborgaðar aðrar tekjur		6.333.332	4.291.666
Greidd fjármagnsgjöld		(1.693.039)	(31.180.127)
Greiddur rekstrarkostnaður		(142.225.294)	(157.795.795)
Innborgaðar tekjur af fjárfestingaverkefnum		25.990.709	25.203.946
Greiddir styrkir		(10.269.750)	(19.938.875)
	Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	467.662.103	5.264.272
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir fastafjármunir		(4.250.000)	(779.329)
Keypt verðbréf		(181.618.923)	(133.235.299)
Keypt hlutabréf		(192.067.958)	(319.144.868)
Seld hlutabréf		151.749.344	57.344.376
Sala á eignum úr Framtakssjóðum		0	113.987.291
Seldir fastafjármunir		2.125.000	0
Seldar fullnustueignir		0	651.095
Innleystar ábyrgðir		(10.161.317)	572.790
Fengnar afborganir skuldabréfa og verðbréfa		69.810.950	78.506.716
	Fjárfestingahreyfingar	(164.412.904)	(202.097.228)
Fjármögnunahreyfingar			
Innborgað frá ríkissjóði Íslands		1.000.000.000	200.000.000
Greiddar afborganir langtímalána		(2.700.635)	(2.516.939)
	Fjármögnunahreyfingar	997.299.365	197.483.061
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		1.300.548.564	650.105
Handbært fé 1.1.		1.590.905.174	1.590.255.069
Handbært fé 31.12		2.891.453.738	1.590.905.174

SKÝRINGAR

Starfsemin

1. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og er samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum viðskiptaráðherra.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu, vexti og alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar og styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé eða veita lán, ábyrgðir eða styrki.

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs skiptist í þrjár deildir, Stofnsjóð, Vöruþróunar- og markaðsdeild og Tryggingardeild útflutningsins. Nýsköpunarsjóður er undanþeginn tekjuskatti.

Stofnsjóður

Í Stofnsjóði er eigið fé sjóðsins eins og það er varðveitt og ávaxtað á hverjum tíma. Undir Stofnsjóð heyrir allur almennur rekstur Nýsköpunarsjóðs, deilda hans og sjóða.

Vöruþróunar- og markaðsdeild

Deildin veitir framlög til vöruþróunar og markaðsaðgerða og skal stuðla að aukinni samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja sem eru styrkhæf hjá deildinni.

Tryggingardeild útflutnings

Deildinni er ætlað að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum hérlendis.

Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna.

Bifreiðar	15%
Húsgögn, innréttingar og skrifstofuáhöld	20%
Tölvubúnaður	33%

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við gildandi vísitölu í janúar 2007. Gengistryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við síðasta skráða fundagengi Seðlabanka Íslands í lok desember 2006. Áfallnar verðbætur og gengismunur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

SKÝRINGAR

Hlutabréf í og útlán til áhættufjárfestingaverkefna eru metin til eignar við kostnaðarverði. Til að mæta hugsanlegum töpum sem fylgja áhættufjárfestingu er verðmæti einstakra eigna fært niður samkvæmt sérstöku mati.

Verðbréf í fjárvörslu eru færð við markaðsvirði á reikningskiladegi.

Til handbærs fjár teljast sjóður, óbundnar bankainnstæður og innstæður í auðinnleysanlegum verðbréfum.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Innréttingar, skrifstofuáh.	Tölvubúnaður	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun	7.721.075	5.001.727	3.750.000	16.472.802
Afskrifað í ársbyrjun	(6.116.558)	(3.189.947)	(1.453.125)	(10.759.630)
Bókfært verð í ársbyrjun	<u>1.604.517</u>	<u>1.811.780</u>	<u>2.296.875</u>	<u>5.713.172</u>
Viðbætur ársins	0	0	4.250.000	4.250.000
Selt á árinu	(25.000)	0	(2.100.000)	(2.125.000)
Afskrift ársins	(578.903)	(724.996)	(409.375)	(1.713.274)
Bókfært verð í lok ársins	<u>1.000.614</u>	<u>1.086.784</u>	<u>4.037.500</u>	<u>6.124.898</u>

Fjárfestingaverkefni

4. Breyting fjárfestingaverkefna á árinu greinist svo:

	31/12/06	31/12/05
Fjárfestingaverkefni í upphafi árs	1.492.661.443	2.120.588.750
Fjárfest í nýjum verkefnum	410.298.622	377.695.203
Seld fjárfestingaverkefni	(125.746.784)	(166.996.519)
Fengnar afborganir fjárfestingaverkefna	(67.109.301)	(75.989.778)
Verðbætur og gengismunur fjárfestingaverkefna	11.379.803	(2.100.276)
Breyting áfallinna vaxta	(3.527.400)	27.439.219
Breyting afskriftarsjóðs	(441.184.062)	(696.798.407)
Aðrar afskriftir.....	4.083.054	0
Nettó breyting á eignum framtakssjóða	(126.703)	(91.176.749)
	<u>1.280.728.672</u>	<u>1.492.661.443</u>

SKÝRINGAR

5. Fjárfestingaverkefni í lok ársins greinast á eftirfarandi hátt:	31/12/06	31/12/05
Innlend fjárfesting í hlutabréfum á Íslandi	1.254.072.884	1.522.180.282
Innlend fjárfesting í hlutabréfum erlendis	288.636.862	288.636.862
Erlend fjárfesting í hlutabréfum á Íslandi	52.200.000	52.200.000
Innlend fjárfesting í skuldabréfum á Íslandi	460.966.436	497.654.977
Fullnustueignir	1.500.000	44.376.869
Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna	(985.496.313)	(1.121.363.053)
Eigin fjárfestingaverkefni	<u>1.071.879.869</u>	<u>1.283.685.937</u>
Eignir framtakssjóða í áhættufjárfestingum	44.578.816	32.742.179
Eignir framtakssjóða í fjárvörslusamningum	<u>164.269.987</u>	<u>176.233.327</u>
Eignir framtakssjóða	208.848.803	208.975.506
	<u>1.280.728.672</u>	<u>1.492.661.443</u>
6. Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir áhættufjárfestingu. Lagt er í þennan reikning árlega með hliðsjón af metinni áhættu hverju sinni.		
Breyting á afskriftareikningi greinist svo:	31/12/06	31/12/05
Afskriftareikningur í upphafi árs	1.121.363.053	1.154.285.925
Framlag ársins í afskriftareikning	441.184.062	696.798.407
Endanlega töpuð fjárfestingaverkefni	(577.050.802)	(729.721.279)
Afskriftareikningur í lok ársins	<u>985.496.313</u>	<u>1.121.363.053</u>

SKÝRINGAR

Vörslusjóðir

7. Nýsköpunarsjóður hefur gert samninga um ávöxtun og fjárvörslu við nokkra aðila innanlands og utan.

Fjárvarslan skiptist með eftirfarandi hætti milli fjárvörsluaðila:

	31/12/06	31/12/05
Innlendir fjárvörsluaðilar	281.670.478	170.951.799
Erlendir fjárvörsluaðilar	1.703.243.569	1.295.275.256
	<u>1.984.914.047</u>	<u>1.466.227.055</u>

Vörslusjóðir skiptast á eftirfarandi hátt milli erlendra gjaldmiðla og íslenskra króna:

Fjárvarsla í erlendra mynt	1.703.243.569	1.295.275.256
Fjárvarsla í íslenskum krónum	281.670.478	170.951.799
	<u>1.984.914.047</u>	<u>1.466.227.055</u>

Þróun vörslusjóða greinist þannig:

Staða í upphafi árs	1.466.227.055	1.421.687.443
Innborgað til fjárvörsluaðila	168.966.508	130.035.964
Útborgað frá fjárvörsluaðilum.....	(78.966.508)	(230.317.790)
Gengisbreyting íslensku krónunnar.....	186.647.061	36.351.662
Markaðsbreytingar vörslusjóða	242.039.931	108.469.776
Staða í lok árs	<u>1.984.914.047</u>	<u>1.466.227.055</u>

Eignir Framtakssjóða

8. Í samræmi við breytingu á lögum nr. 61/1997 hafa eignir Framtakssjóðs verið færðar í Stofnsjóð Nýsköpunarsjóðs en þar er kveðið á um að útboðnar einingar skuli leystar upp innan 10 ára eftir útboð og andvirðið renni í Stofnsjóð.

	31/12/06	31/12/05
Fjárfestingafélag Austurlands hf.	123.415.120	117.017.864
Framtakssjóður Brúar	85.433.683	91.957.642
	<u>208.848.803</u>	<u>208.975.506</u>

SKÝRINGAR

Eigið fé

9. Innborgað stofnfé Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er kr. 4.000.000.000 vegna Stofnsjóðs, kr. 828.868.164 vegna Vöruþróunar- og markaðsdeildar og kr. 18.197.001 vegna Tryggingardeildar útflutnings. Í 14. gr. reglugerðar um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins segir að sjóðnum sé óheimilt að skerða stofnfé Nýsköpunarsjóðs. Að liðnum tíu fyrstu starfsárum sjóðsins skal miða við að upphafleg krónutala stofnfjár sé óskert en framreiknuð fjárhæð eftir það.

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Flutt frá fyrra ári	4.821.767.472	(768.290.409)	4.053.477.063
Skuldir Tryggingardeildar útflutnings umfram eignir færðar sem krafa á ríkissjóð		757.318	757.318
Hagnaður ársins	0	75.794.102	75.794.102
	<u>4.821.767.472</u>	<u>(691.738.989)</u>	<u>4.130.028.483</u>
Eigið fé Nýsköpunarsjóðs skiptist með eftirfarandi hætti milli einstakra deilda:		31/12/06	31/12/05
Stofnsjóður		3.963.689.192	3.895.381.834
Vöruþróunar- og markaðsdeild		166.339.291	158.095.229
		<u>4.130.028.483</u>	<u>4.053.477.063</u>

Samkvæmt 12. grein laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, er miðað við að iðgjöld og tryggingarhlutföll standi undir rekstri Tryggingardeildar útflutnings, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs þannig að starfsemin standi undir sér til lengri tíma litið. Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Ríkissjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar deildarinnar. Tap ársins nemur 757.318 krónum.

SKÝRINGAR**Vörslutekjur og fjármagnsgjöld**

	2006	2005
10. Vörslutekjur		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	110.922.744	7.028.545
Vaxtatekjur af verðbréfum	3.788.525	2.993.200
Tekjur vegna gengisbreytinga	19.082.914	0
Hækkun/(Lækkun) virði eignarhluta í vörslusjóðum	393.696.470	149.018.714
Aðrar rekstrartekjur	250.312	0
Afföll og gengistap af skuldabréfum	12.491.839	(2.086.125)
	<u>540.232.804</u>	<u>156.954.334</u>
Þóknunartekjur	2006	2005
Fengnar þóknanir af ábyrgðum	2.561.271	4.304.034
Aðrar þóknunartekjur	2.937.816	3.072.648
	<u>5.499.087</u>	<u>7.376.682</u>
Aðrar tekjur		
Styrkir	<u>6.333.332</u>	<u>4.291.666</u>
Fjármagnsgjöld		
Vaxtagjöld af rekstrarfé	(10.420)	(5.003)
Vextir af skammtímaskuldum	0	(536.870)
Vextir af langtímaskuldum	(3.788.525)	(2.993.201)
Gjöld vegna gengisbreytinga á gjaldmiðlum	0	(10.278.297)
	<u>(3.798.945)</u>	<u>(13.813.371)</u>
Hreinar vörslutekjur til ráðstöfunar í rekstur og fjárfestingaverkefni	<u>548.266.278</u>	<u>154.809.311</u>

SKÝRINGAR

Starfsmannamál

11. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2006	2005
Laun	65.546.518	74.251.969
Launatengd gjöld	13.931.622	16.217.079
Annar starfsmannakostnaður	1.680.876	2.441.799
	<u>81.159.016</u>	<u>92.910.847</u>

Starfsmenn sjóðsins voru 5 í lok ársins 2006.

Samstarfsverkefni vegna Tryggingardeildar

12. Þann 12. apríl 2002 var undirritaður samstarfssamningur milli Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Vöruþróunar- og markaðsdeildar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, Iðnaðarráðuneytisins og Tryggingardeildar útflutnings. Samningurinn rann út 15. apríl 2005.

Þann 15. ágúst 2005 var undirritaður nýr samstarfssamningur milli Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Vöruþróunar- og markaðsdeildar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, Iðnaðarráðuneytisins, Útflutningsráðs Íslands og Tryggingardeildar útflutnings. Markmið samningsins, sem er til þriggja ára, er að efla starfsemi Tryggingardeildar útflutnings.

Styrkveitingar

13. Styrkveitingar sjóðsins voru með eftirfarandi hætti á árinu:	2006	2005
Samþykktir veittir Stofnsjóðsstyrkir	0	1.100.000
Samþykktir styrkir til vöruþróunar og markaðssetningar	13.000.000	15.350.000
Niðurfelldir veittir styrkir	(1.480.250)	(11.381.521)
	<u>11.519.750</u>	<u>5.068.479</u>

SKÝRINGAR

Yfirlit yfir fjárfestingarverkefni

14. Áhættuhlutabréf í eigu sjóðsins greinast þannig:	Eignarhluti	Nafnverð:
Adsoft ehf.	15,40%	756.498
AGR - Aðgerðagreining ehf.	5,80%	897.368
Alur - ávinnsla ehf.	11,10%	2.874.590
Auris ehf.	5,60%	55.555
Betware á Íslandi hf.	1,73%	440.678
Bonus Ortho System Íslands hf.	31,10%	80.267.142
Enex hf.	2,20%	7.863.585
Fjölblendir ehf.	1,95%	14.997
Flexilam Lda	45,51%	713.600 evrur
Framtíðartækni hf.	100,00%	5.317.507
Frumkvöðlasetur Austurlands ehf.	16,70%	5.600.000
Genís ehf.	45,50%	50.000.000
Globodent á Íslandi ehf.	4,10%	1.281.250
Grænar lausnir ehf.	21,10%	1.100.000
Hafmynd ehf.	27,82%	1.045.230
Icelandic Green Polyols Inc. (Pólýol verksmiðjan ehf)	17,57%	44.749.306
Intelscan örbylgutækni ehf.	41,70%	534.518
Íshestar ehf.	19,10%	2.353.012
Íslensk nýsköpun ehf.	28,24%	1.700.000
Íslenska lífmassafélagið ehf.	16,21%	7.173.217
Íslenskur kúfiskur hf.	0,95%	2.000.000
Kine ehf.	33,20%	1.357.356
Knowledge Solution Group SIA	45,20%	7.815
LH tækni ehf.	7,09%	140.881
Latibær ehf.	1,90%	397.732
Lífhlaup ehf.	7,40%	177.078
Lífeind ehf.	28,10%	281.250
Marorka ehf.	10,70%	606.060
Menn og mýs ehf.	15,88%	1.159.277
Metan hf.	14,15%	6.650.000
Myllan-Carberry's Bakery LLC	14,10%	700.48 hlutir

SKÝRINGAR

Nikita ehf.	25,40%	364.590
Norrænar myndir ehf.	27,66%	12.604.854
Open Hand hf.	0,10%	242.572
Primex hf.	19,40%	35.767.998
Remo ehf.	10,00%	1.000.000
Sjávarleður hf.	49,30%	13.823.893
Spakmannsspjarir ehf.	5,00%	237.000
Stjórnú-Oddi hf.	26,50%	5.962.733
Sægull ehf.	100,00%	500.000
Tölvumyndir ehf.	1,80%	4.342.412
Vistorka hf.	48,60%	36.200.000
Yellowtel A/S.....	4,04%	419.239 DKK

Skuldbindingar

- Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur veitt loforð um styrkveitingar til nokkurra aðila að uppfylltum skilyrðum samtals að fjárhæð um 10,5 milljónir króna. Þessi loforð eru færð meðal skammtímaskulda sjóðsins. Heildarfjárhæð greiddra styrkja á árinu nam 10,3 milljónum króna.
- Sjóðurinn hefur veitt loforð um fjárfestingar í nokkrum verkefnum að uppfylltum skilyrðum. Samtals eru færðar í ársreikninginn meðal skammtímaskulda 47,9 milljónir króna sem uppfyllt óafgreidd loforð. Heildarfjárhæð fjárfestingaloforða þar sem sett skilyrði hafa ekki verið uppfyllt nema í lok ársins um 94,5 milljónum króna.
- Stjórn Nýsköpunarsjóðs hefur samþykkt að veita ábyrgðir til þriðja aðila til tryggingar bankalána. Í árslok 2006 nema veittar ábyrgðir 15,1 milljón króna.
- Tryggingardeild útflutnings hefur veitt ábyrgðir til þriðja aðila. Á reikningsskiladegi voru eftirstöðvar þessara ábyrgða um 434,6 milljónir króna sem jafngildir um 4 milljónum í sérstökum dráttarréttindum. Samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins mega heildarskuldbindingar Tryggingardeildar ekki nema hærrí fjárhæð en 130 milljónum í sérstökum dráttarréttindum.

Endurgreiðslutími ábyrgðarskuldbindinga Tryggingardeildar greinist þannig:	12/31/06
Gjaldfallin ábyrgð	161.769.040
Til endurgreiðslu á árinu 2007.....	127.743.367
Til endurgreiðslu á árinu 2008.....	62.892.202
Til endurgreiðslu á árinu 2009.....	41.731.915
Til endurgreiðslu síðar	40.458.670
	<hr/>
	434.595.194

Nýsköpunarsjóður

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík
Sími 510 1800 - fax 510 1509
www.nsa.is - nsa@nsa.is

Umsjón, hönnun og umbrot: Tunglið-auglýsingastofa
Prentun: Svansprent